



Samtök um kvennalista

Ágæta Kvennalistakona!

Vegna breytrra pólitískra aðstæðna heyrir þingflokkur Kvennalistans nú sögunni til. Stærð hans hefur verið breytileg í gegnum tíðina en alls hafa 29 konur sest á þing í nafni Kvennalistans þau 16 ár sem hann hefur starfað. Ennfremur eru tvær Kvennalistakonur í hinum nýkjörna þingflokk Samfylkingarinnar.

Þegar Samtök um kvennalista fluttu sig um set fyrir þemur árum var heilmikið efni sent Kvennasögusafni Íslands til varðveislu og rannsókna. Því lá beint við að gögn þingfloksins færðu á sama stað. Þau hafa nú verið flokkuð og frá þeim gengið eftir kúnstarinnar reglum og verða þau afhent með formlegum hætti kl. 18:00 mánudaginn 31. maí n.k. Athöfnin fer fram í Þjóðarbókhlöðunni en þar er Kvennasögusafnið til húsa. Guðrún Agnarsdóttir fyrrverandi þingkona Kvennalistans mun ávarpa samkomuna og stjórn Kvennasögusafnsins flytja þakkarorð. Þess er vænst að sem flestar Kvennalistakonur, fyrrverandi og núverandi, noti þetta tækifæri til að hittast, lyfta glasi sáman og minnast tímamótanna. Allar hljótum við að vera sammála um mikilvægi þessa gengna þingfloks, hvert svo sem við stefnum í dag.

Þar sem veitingar verða reiddar fram, bæði á föstu formi og fljótandi, eru þær sem hyggjast mæta til samkomunnar vinsamlegast beðnar um að láta vita svo athöfnin geti gengið sem snurðulausast fyrir sig. Hafið samband við Ingibjörgu Stefánsdóttur framkvæmdastýru Kvennalistans í síma 551 3725 (notið talhólfis gjarnan) eða í GSM-síma 861 0534, eigi síðar en miðvikudaginn 26. maí.

Athugið!!!

Þessi skilaboð eru ætluð öllum þeim konum sem lagt hafa hönd á plóg Kvennalistans í gegnum tíðina, þ.e. einnig þeim sem af einhverju sökum hafa sagt skilið við samþokin og fá þess vegna ekki þetta bréf. Vinsamlegast láttu boðin því ganga áfram.

Með bestu kveðjum,
fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar,

Áslaug Thorlacius

Áslaug Thorlacius
fyrrverandi framkvæmdastýra Samtaka um kvennalista